

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 619/2009

2010/EES/6/70

frá 13. júlí 2009

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála (³).

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB (¹), einkum 4. gr.,

- 5) Yfirvöld, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með viðkomandi flugrekendum, hafa fengið ráðgjöf hjá framkvæmdastjórninni og einnig, í sérstökum tilvikum, hjá nokkrum aðildarríkjum.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við þetta.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

**Flugrekendur í Bandalaginu**

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (²).
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, sendu nokkur aðildarríki framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á skrá Bandalagsins. Þriðju lönd sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessa er rétt að uppfæra skrá Bandalagsins.
- 3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða, þegar því varð ekki við komið, fyrir milligöngu yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Bandalagsins myndi byggjast á eða um breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skrá Bandalagsins.
- 4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina innan tíu virkra daga og við flugöryggisnefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um

- 7) Sum aðildarríki hafa gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum í kjölfar upplýsinga sem fengust úr skoðun á hlaði í tengslum við öryggis skoðun erlendra loftfara (SAFA) sem fór fram á loftförum tiltekinnna flugrekenda í Bandalaginu, sem og skoðun og úttekt á sérstökum svæðum sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu. Þau tilkynntu framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni um þessar ráðstafanir: lögbær yfirvöld í Grikklandi tilkynntu að 8. maí 2009 hafi flugrekandaskírteini flugrekandans EuroAir Ltd verið afturkallað; lögbær yfirvöld í Svíþjóð tilkynntu að 23. janúar 2009 hafi flugrekandaskírteini flugrekandans Nordic Airways AB („Regional“) verið afturkallað og 31. mars 2009 hafi flugrekandaskírteini flugrekandans Fly Excellence AB verið afturkallað.

**Flugrekendurnir One Two Go Airlines og Orient Thai Airlines***Flugrekandinn One Two Go Airlines*

- 8) Hinn 8. apríl 2009 tilkynntu lögbær yfirvöld í Taílandi (deild almenningsflugs í Taílandi – Thai DCA) framkvæmdastjórninni að flugrekandaskírteini flugrekandans One Two Go hafi verið afturkallað. Þó svo að flugrekandinn One Two Go hafi lagt fram kærú gegn afturköllumuninni staðfesti deild almenningsflugs í Taílandi fyrirskipunina 4. maí 2009.
- 9) Þar af leiðandi er það metið svo, að teknu tilliti til þess að flugrekandinn er búinn að missa flugrekandaskírteini sitt sem hefur í för með sér að flugrekstrarleyfi hans telst ekki gilt á grundvelli sameiginlegru viðmiðananna, að flugrekandinn One Two Go sé ekki lengur „flugrekandi“ eins og skilgreint er í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og því skuli fella hann brott úr viðauka A.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 182, 15.7.2009, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 110/2009 frá 22. október 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 68, 17.12.2009, p. 10.

(¹) Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

(²) Stjtið. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14.

(³) Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

*Flugrekandinn Orient Thai Airlines*

- 10) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 298/2009 frá 8. apríl 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins<sup>(1)</sup>, lagði deild almenningsflugs í Taílandi fram upplýsingar um skilvirkni þeirra aðgerða til úrbóta sem flugrekandinn Orient Thai hafði gripið til ásamt þeim ráðstöfunum sem deild almenningsflugs í Taílandi hafði gripið til í því skyni að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem áður höfðu komið í ljós og sem leiddi til þess að leyfi flugrekandans til starfrækslu loftfara af tegundinni MD-80 var fellt tímabundið niður í 75 daga fram til 7. október 2008.
- 11) Á grundvelli þessara upplýsinga telur framkvæmdastjórnin að ekki sé þörf á frekari aðgerðum.

**Flugrekendur frá Úkraínu***Heildareftirlit með öryggi flugrekenda frá Úkraínu*

- 12) Í kjölfar samþykktar á reglugerð (EB) nr. 298/2009 heimsótti evrópskur sérfræðingahópur Úkraínu frá 25. til 29. maí 2009 til að sannreyna stöðuna á framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar, sem lögbær yfirvöld í Úkraínu lögðu fram til að bæta eftirlit og öryggisástand flugrekendanna tveggja sem sæta flugrekstrarbanni í Bandalaginu — Ukraine Cargo Airways og Ukrainian Mediterranean Airlines. Í því skyni að sannprófa að flugmálayfirvöld í Úkraínu hafi annast tilskilið eftirlit heimsótti sérfræðingahópur Bandalagsins tvo flugrekendur – South Airlines og Khors Air Company, sem starfrækja flug til Bandalagsins og hafa sætt skoðunum á hlaði í Bandalaginu og í öðrum ríkjum sem eiga aðild að Evrópusambandi flugmálastjórna (ECAC).
- 13) Flugmálayfirvöld Úkraínu hafa náð takmörkuðum árangri við að koma aðgerðaáætluninni í framkvæmd. Öllum þeim aðgerðum (12/12), sem flugmálayfirvöld tilgreindu í aðgerðaáætlun sinni, 31. maí 2008, til að bæta eftirlitsstarfsemi, eru enn sem komið er ólokið. Engin vottun hefur farið fram samkvæmt kröfum sem flugmálayfirvöldin tilkynntu, samsvarandi löggjöf hefur ekki verið samþykkt og aðgerðunum til úrbóta verður ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi í júlí 2011, auk þess sem einhverjum framkvæmdum hefur verið frestað til ársins 2015.
- 14) Framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar tengist með beinum hætti hinu flókna réttarkerfi Úkraínu sem gerir ekki kleift að auðkenna með skýrum hætti þá staðla sem notaðir eru við samþykki fyrir loftför og flugrekendur og hvort þeir fari í raun að viðaukum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Þetta var staðfest á fundi við flugrekendurna fjóra.

- 15) Skýrslan um heimsóknina sýnir enn fremur að lögbær yfirvöld í Úkraínu hafa ekki nógu fjölmennt hæft starfsfólk til að annast eftirlit með 74 handhöfum flugrekandaskirteina (loftþæfi og flugrekstur). Ekki var hægt að sýna fram á framkvæmd samfelldrar eftirlitsstarfsemi með fullnægjandi hætti og skýringar lögbærra yfirvalda í Úkraínu eftir heimsóknina gátu ekki varpað ljósi á þessi mál. Ítarleg endurskoðun á kerfinu, sem lögbær yfirvöld í Úkraínu nota við útgáfu flugrekandaskirteina, sýnir enn fremur að þetta kerfi gerir hvorki kleift að tilgreina með skýrum hætti hvaða reglur/staðlar eru notaðir við vottanir né að tilgreina nákvæma tölu flotans, sem heimilt er að nota til flugs, og ekki heldur að tilgreina hversu mörg leyfi eru fyrir hendi.
- 16) Skýringar lögbærra yfirvalda í Úkraínu nægðu ekki til að hægt væri að draga til baka þá úrskurði um frávik sem í ljós komu í heimsókninni. Nauðsynlegt er að fylgjast náið með hinum ýmsu aðgerðum til úrbóta, sem þessi yfirvöld tilkynntu, og meta þær reglulega, að teknu tilliti til niðurstaðna úr heimsókn Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, í júní 2008, í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum. Í kjölfar heimsóknarinnar lögðu lögbær yfirvöld í Úkraínu einnig fram nýja áætlun um aðgerðir til úrbóta og veltur framkvæmd hennar á því að ný lög um loftferðir verði samþykkt í Úkraínu en til stendur að samþykkja þau árið 2010. Þar af leiðandi verður samþykkt ýmissa framkvæmdarreglna ekki lokið fyrr en á síðari helmingi ársins 2011 að því er varðar starfrækslu loftfara, við lok ársins 2012 að því er varðar veitingu fluglíðaskirteina og við lok ársins 2015 að því er varðar áframhaldandi loftþæfi.
- 17) Í ljósi niðurstaðna úr heimsókninni og þeirra athugasemda sem komið var á framfæri á fundi flugöryggisnefndarinnar, 1. júlí 2009, mun framkvæmdastjórnin halda áfram að fylgjast náið með framkvæmd þessara aðgerða og hafa samstarf við lögbær yfirvöld í Úkraínu til að aðstoða þau við að auka eftirlit og takast á við hvers kyns frávik. Aðildarríkin munu enn fremur sannprófa á kerfisbundinn hátt hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt með skilvirkum hætti með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda með flugrekstrarleyfi í Úkraínu séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008<sup>(2)</sup>.

*Flugrekandinn Motor Sich JSC Airlines*

- 18) Í kjölfar samþykktar á reglugerð (EB) nr. 298/2009 var flugrekandanum boðið að leggja fram hvers konar viðeigandi upplýsingar, þ.m.t. aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem áður höfðu verið greindir. Lögbær yfirvöld í Úkraínu lögðu fram upplýsingar sem skýra aðgerðirnar sem gripið var til vegna flugrekandaskirteinis flugrekandans. Flugrekandinn Motor Sich lagði fram skjöl, 4. júní 2009, þar sem fram kemur að fyrirtækið hafi framkvæmt greiningu á frumorsök og samið aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á hvers konar annmörkum í öryggismálum. Lögbær yfirvöld í Úkraínu samþykktu greiningu þess og

<sup>(1)</sup> Stjútö. ESB L 95, 9.4.2009, bls. 16.<sup>(2)</sup> Stjútö. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 7.

aðgerðir til úrbóta. Hinn 15. júní sendi fyrirtækið bréf ásamt aðgerðum til úrbóta til lögbærra yfirvalda í Frakklandi, sem höfðu framkvæmt skoðun<sup>(1)</sup> á loftfarinu AN-12 (UR-11819). Áætlinin um aðgerðir til úrbóta gefur til kynna að handbókum og skjölum fyrirtækisins (flugrekstrarhandbókinni og flughandbókinni) hafi verið breytt til að þau samrýmist stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og geri kleift að undirbúa flug með réttum hætti.

19) Þjálfun flugmanna og áhafnar í að nota endurskoðuðu handbækurnar og verklagsreglurnar með skilvirkum hætti er samt ekki nægileg til að tryggja að fjallað sé nægilega ítarlega um hinar umfangsmiklu breytingar. Framkvæmdastjórnin hefur enn fremur ekki fengið neinar upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum í Úkraínu sem sanna að fylgst sé með stöðunni á framkvæmd aðgerðanna og að aðgerðunum sé í reynd lokið í því skyni að lagfæra á varanlegan hátt annmarka í öryggismálum sem í ljós hafa komið.

20) Í ljósi þessara frávíka og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna álitur framkvæmdastjórnin að á þessu stigi uppfylli flugrekandinn Motor Sich ekki viðeigandi öryggisstaðla og skuli því áfram vera skráður í viðauka A.

*Flugrekandinn Ukraine Cargo Airways*

21) Í kjölfar samþykktar á reglugerð (EB) nr. 298/2009 heimsótti sérfræðingahópur Bandalagsins flugrekandann 27. maí 2009. Skýrslan um heimsóknina gefur til kynna að floti flugrekandans Ukraine Cargo Airways (UCA) hafi minnkað umtalsvert á einu ári eða frá 20 loftförum í þrjú loftför af tegundinni AN-12, þrjú loftför af tegundinni AN-26, þrjú þyrlur af tegundinni MIL-8 og eitt loftfar af tegundinni Tupolev Tu-134 til fjögurra loftfara á þeim tíma er heimsóknin fór fram (tvö loftför af tegundinni IL-76, eitt loftfar af tegundinni AN-12 og eitt loftfar af tegundinni AN-26). Af þeim fjórum loftförum sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu er aðeins eitt þeirra, IL-76 (UR-UCC), í lofthæfu ástandi, hin þrjú loftförin, sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu, eru með útrunnin lofthæfivottorð. Flugrekandinn lýsti því yfir að öll hin loftförin séu ekki lengur lofthæf og séu ekki starfrækt á nokkurn hátt.

22) Samkvæmt skýrslunni hefur flugrekandinn UCA náð góðum árangri við framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta sem lögð var fyrir framkvæmdastjórnina 1. apríl 2008. Af þeim 22 aðgerðum sem eru á áætlun eru 19 þeirra tilgreindar sem fullfrágengnar og þeim lokið. Stefnumótun í öryggismálum og skjöl voru endurskoðuð og endurbætur gerðar á þeim. Komið var á fót innri öryggiseftirlitsdeild. Tæknilegt ástand loftfarsins var endurbætt. Verklagsreglur við þjálfun áhafnar voru endurskoðaðar og endurbættar. Premur aðgerðum, sem lagðar eru til í þessari áætlun um aðgerðir til úrbóta, er þó ekki lokið að fullu en vandmeðfarnasta aðgerðin er að ekki eru til staðar grímur, sem unnt er að setja á sig í skyndingu, í IL-76, AN-12 og AN-26, eins og krafist er af hálfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar þegar flogið er yfir tiltekinni flughæð.

23) Í skýrslunni er einnig bent á verulega annmarka í öryggismálum á sviði flugreksturs, þjálfunar og skoðunar, áframhaldandi lofthæfis og viðhalds.

Gæðastjórnunarkerfið er þar að auki ófullnægjandi þar sem hvorki er trygging fyrir því að þau frávik sem komu í ljós við innri úttekt verði til lykta leidd eða sem lögbær yfirvöld í Úkraínu vöktu máls á og sannprófuðu áður en þeim var lokið né heldur tryggir kerfið að kerfisbundin greining sé gerð á annmörkunum. Þessi frávik vekja efasemdir um varanleika þeirra ráðstafana til úrbóta sem fyrirtækið gerði eftir að það hafði verið sett í flugrekstrarbann.

24) Fyrirtækinu var boðið að leggja fram skýringar. Hinn 10. júní lagði svo flugrekandinn UCA fram skjöl um þau frávik sem í ljós komu í heimsókninni. Af 16 nýjum frávikum, sem í ljós komu í heimsókninni, var hægt að leysa eitt þeirra með skilvirkum hætti að lokinni skoðun á skjölum fyrirtækisins. Fyrirtækið upplýsti að það hefði lagt tvö frávik, sem varða flugrekstrarhandbókina og flugrekandaskírteini þess, fyrir lögbær yfirvöld í Úkraínu til að fá samþykki þeirra fyrir því að breytingar yrðu gerðar á flugrekstrarhandbókinni og hefði óskað eftir takmörkunum á fluglagi í flugrekandaskírteini sínu fyrir loftförin AN-12 (UR-UCN) og AN-26 (UR-UDM).

25) Framkvæmdastjórninni bárust ekki neinar upplýsingar um samþykki fyrir þeim breytingum (takmörkunum) sem fyrirtækið hafði óskað eftir. Flugrekandinn óskaði einnig eftir áheyrn hjá framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni og flutti mál sitt fyrir þeim, 1. júlí, þar sem hann upplýsti að af 51 aðgerð til úrbóta ætti enn eftir að koma 15 þeirra í framkvæmd fyrir lok ágúst 2009 en eftir það myndi sannprófun af hálfu lögbærra yfirvalda í Úkraínu fara fram. Framkvæmdastjórnin áskilur sér rétt til að hefja sannprófun á framkvæmd ráðstafana til úrbóta af hálfu þessa flugrekanda.

26) Í ljósi þessara frávíka álitur framkvæmdastjórnin að á þessu stigi uppfylli fyrirtækið ekki viðeigandi öryggisstaðla og skuli því áfram vera skráð í viðauka A.

*Flugrekandinn Ukrainian Mediterranean Airlines*

27) Í kjölfar samþykktar á reglugerð (EB) nr. 298/2009 heimsótti sérfræðingahópur Bandalagsins flugrekandann 28. maí 2009. Skýrslan um heimsóknina gefur til kynna að flugrekandinn UMAir hefur gert umtalsverðar endurbætur á skjalakerfi sínu sem hefur verið endurskoðað að fullu. Komið hefur verið á fót öryggisdeild og tengiliður fyrir öryggisskoðun erlendra loftfara hefur verið tilnefndur. Verklagsreglur við þjálfun voru einnig endurskoðaðar og endurbættar. Jafnvel þótt flugrekandinn UMAir staðhæfi að hann hafi lokið við framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta, sem lögbær yfirvöld í Úkraínu hafa sannprófað, sýnir úrtak á aðgerðum til úrbóta, sem hópurinn gerði, samt sem áður að annmarkar eru enn til staðar: Þær aðgerðir til úrbóta, sem flugrekandinn UMAir hefur gripið til í tengslum við hleðsluskrá/þurrarekstrarstuðul, virðast ekki hafa verið notaðar með skilvirkum hætti fyrir allar loftfarsgerðir sem tilgreindar eru á flugrekandaskírteininu. Einhverjar aðgerðir til úrbóta, sem eiga að ráða bót á þeim annmörkunum sem í ljós komu við öryggisskoðun erlendra loftfara, hafa ekki verið lagfærðar á kerfisbundinn hátt, þ.m.t. greining á frumorsök þeirra (olíuleiki í hreyfli, skrufur sem vantar, takmarkanir á afkastagetu í lista yfir lágmarksbúnað (MEL) o.s.frv.)

<sup>(1)</sup> DGAC/F-2008-564.

28) Enn fremur var vakin athygli á alvarlegum öryggisfrávikum á sviði flugreksturs og áframhaldandi lofthæfis, viðhalds og tæknimála: skýrar verklagsreglur, sem flugáhöfn flugrekandans UMAir á að fylgja þegar hreyfilbilun (siglækkun) verður á flugleið, eru ekki tiltækar og verklagsreglurnar, sem eru í flugrekstrarhandbókinni og fylgja skal ef lýsa þarf yfir neyðarástandi, þegar gert er ráð fyrir, meðan á flugi stendur, að áætlað/reiknað magn eldsneytis við landingu verði undir lágmarki, vantar. Ekki reyndist heldur unnt að leggja fram nein sönnunargögn þess efnis að farið hefði verið að lofthæfitalskipunum fyrir loftfar (UR-CFF) og hreyfil þess, ýmsir annmarkar loftfara af tegundunum DC-9 og MD 83 komu í ljós og áætluninni um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni (corrosion prevention and control program (CPCP)), ákvörðun tæringarstigs og reglur um tilkynningu (Corrosion Level identification and reporting rules)) var ekki fylgt. Að því er varðar gæðastjórnunarkerfi flugrekandans komst hópurinn frá Bandalaginu að því í skýrslu sinni að stofnunin gæti ekki sýnt fram á að regluleg úttekt á öllum þáttum viðhaldsins og flugrekstrarferlisins fari fram, þær aðgerðir sem framkvæmdar eru taka ekki alltaf tillit til frumorsakarinnar og ekkert heildarkerfi er til staðar til að halda utan um þau frávik sem enn hafa ekki verið leyst (innri og ytri úttektir, þ.m.t. frávik sem flugmálayfirvöld í Úkraínu hafa komist að).

29) Fyrirtækinu var boðið að leggja fram skýringar. Flugrekandinn UMAir lagði fram áætlun um aðgerðir til úrbóta sem lögbær yfirvöld í Úkraínu samþykktu á fundi flugöryggisnefndarinnar 1. júlí 2009. Áætlunin um aðgerðir til úrbóta hefur verið samin til að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem í ljós komu í heimsókninni. Í athugasemdunum sem flugrekandinn kom á framfæri komu þó ekki fram neinar lausnir varðandi þau frávik sem í ljós komu í heimsókninni, einkum þau er varða áframhaldandi lofthæfi. Framkvæmdastjórnin áskilur sér rétt til að hefja sannpröfun á framkvæmd aðgerða til úrbóta af hálfu þessa flugrekanda.

30) Í ljósi þessara frávíka álitur framkvæmdastjórnin að á þessu stigi og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna uppfylli fyrirtækið ekki viðeigandi öryggisstaðla og skuli því áfram vera skráð í viðauka A.

### Flugrekendur frá Lýðveldinu Kasakstan

31) Færðar hafa verið sönnur á vangetu yfirvalda, sem bera ábyrgð á öryggiseftirliti með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Kasakstan, til að framkvæma og framfylgja viðeigandi öryggisstöðlum, eins og sýnt er fram á með niðurstöðum úttektarinnar sem Alþjóðaflugmálastofnunin annaðist samkvæmt úttektaráætluninni í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP).

32) Alþjóðaflugmálastofnunin tilkynnti öllum ríkjum, sem eru aðilar að Chicago-samningnum, í kjölfar úttektar samkvæmt úttektaráætluninni í tengslum við alþjóðlegt

eftirlit með öryggismálum sem fram fór í Kasakstan í apríl 2009, áhyggjur sínar af alvarlegum öryggisvandamálum sem hafa áhrif á öryggiseftirlit með flugrekendum og loftförum, sem skráð eru í Kasakstan þar sem eitt atriði tengist starfrækslu<sup>(1)</sup> og annað lofthæfi<sup>(2)</sup>, en samkvæmt úttektinni tekur vottunarferlið, sem notað er í Kasakstan til að gefa út flugrekandaskirteini, ekki til allra gildandi ákvæða 6. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Flest flugrekandaskirteini, sem eru í gildi, hafa verið gefin út án aðkomu lofthæfiskoðunarmanns með tilskilin réttindi. Eftirtalin atriði eru ekki talin hluti af vottunarferlinu: afhending á viðhaldsáætlunum, endurskoðun á lista yfir lágmarksbúnað, kröfur um áframhaldandi lofthæfi vegna útgáfu tiltekinna samþykka fyrir flugrekstur eins og fjarflugsleyfi (ETOPS) og starfrækslu skv. III. flokki (CAT III). Meirihluti lofthæfivottorðanna hafa verið gefin út án þess að loftfarið hafi verið tækniskoðað og lögbær yfirvöld í Kasakstan hafa ekki framkvæmt reglulegar skoðanir á loftfarinu. Alþjóðaflugmálastofnunin taldi áætlanirnar um aðgerðir til úrbóta, sem þessi yfirvöld lögðu til, ekki viðunandi þar sem þær fela ekki í sér fastar dagsetningar fyrir framkvæmd tafarlausa aðgerða til að leysa þessi alvarlegu öryggisvandamál.

33) Framkvæmdastjórnin hefur hafið samráð við lögbær yfirvöld í Kasakstan að teknu tilliti til áhyggna af tveimur alvarlegum öryggisvandamálum, sem kunngerðar voru fljótlega eftir heimsókn Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, og skýrslanna um öryggissskoðun erlendra loftfara, þar sem hún lét í ljós þungar áhyggjur sínar af rekstraröryggi flugrekenda, sem hafa fengið rekstrarleyfi í ríkinu, og óskaði skýringa á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld hafa gripið til í því skyni að bregðast við þeim frávikum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á og frávikum sem í ljós komu við öryggissskoðun erlendra loftfara.

34) Lögbær yfirvöld í Kasakstan lögðu fram skjöl frá 5. til 29. júní og komu athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina 30. júní 2009. Lögbær yfirvöld í Kasakstan tilkynntu framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni, er þau komu athugasemdum sínum á framfæri 30. júní 2009, að áætlun um aðgerðir til úrbóta hafi verið gerð til að ráða bót á þeim annmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á og að fyrstu stigum hennar hafi þegar verið hrint í framkvæmd og að mögulegt yrði að fara að öllum öryggiskröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í júní 2010. Ekki er vænst úrlausnar á þessum tveimur alvarlegu öryggisvandamálum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur birt, fyrr en í desember 2009. Lögbær yfirvöld í Kasakstan hafa einnig tilkynnt framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni að þau muni leggja fram skýrslur ársfjórðungslega varðandi stöðuna á framkvæmd aðgerða til úrbóta sem Alþjóðaflugmálastofnuninni var tilkynnt að fyrirhugaðar væru.

35) Enn fremur hafa lögbær yfirvöld í Kasakstan útskýrt að samtals 69 flugrekandaskirteini hafi verið gefin út og þau hafi gert ráðstafanir til að fella tímabundið úr gildi eða afturkalla 11 þessara skirteina 1. apríl 2009. Hins vegar ríkir ennþá óvissa um aðgerðir til framfylgdar sem

(<sup>1</sup>) ICAO finding OPS/01.

(<sup>2</sup>) ICAO finding AIR/01.

hrundið hefur verið í framkvæmd til að bregðast við áhyggjum af þeim alvarlegum öryggisvandamálum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, þar sem lögbær yfirvöld í Kasakstan lögðu fram tímabundna ógildingu/afturköllun áður en úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit var framkvæmd, þar sem engar sannanir voru lagðar fram þess efnis að flugrekandaskírteinin hefðu í raun verið afturkölluð og þar sem sum flugrekandaskírteinanna, sem átti að afturkalla frá og með 1. apríl 2009, voru tilgreind í gildi 1. júní 2009. Enn fremur viðurkenndu lögbær yfirvöld í Kasakstan að samkvæmt gildandi landslögum þar er heimilt að loftfar sé starfrækt af fleiri en einum flugrekanda og af þeim sökum kemur ekki skýrt fram hvaða aðili er ábyrgur fyrir loftþæfi og starfrækslu framangreinds loftfars.

36) Flugrekandinn Berkut State Airline, sem fengið hefur vottun í Kasakstan, óskaði eftir áheyrn hjá framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 30. júní 2009. Þegar flugrekandinn kom athugasemdum sínum á framfæri lagði hann ekki fram ítarlega aðgerðaáætlun sem framkvæma skyldi til að tryggja að öryggisstaðlar séu uppfylltir og til að forðast rugling í tengslum við flugrekandann BEK Air sem áður hét Berkut Air og skráður er í viðauka A frá því í apríl 2009. Flugrekandinn Berkut State Airline tilgreindi einnig að hann hyggðist hætta starfrækslu í atvinnuskyni og starfrækslu gamalla loftfara.

37) Lögbær yfirvöld í Kasakstan lögðu ekki fram neinar upplýsingar um skírteini flugrekandans BEK Air, sem áður hét Berkut Air, og framkvæmd aðgerða til úrbóta, sem hafa áhrif á annmarka í öryggismálum, sem olli því að þessi flugrekandi var skráður í viðauka A í apríl 2009 og lögðu ekki heldur fram sönnun þess efnis að flugrekandanum sé gert að sæta reglum um aðgerðir til framfylgdar.

38) Lögbær yfirvöld í Kasakstan tilkynntu flugöryggisnefndinni að til væri þriðji flugrekandinn sem hétu Berkut KZ en lögðu ekki fram neinar upplýsingar um skírteini sem þessi flugrekandi hafði fengið.

39) Flugrekandinn SCAT sem hefur fengið vottun í Kasakstan óskaði eftir áheyrn hjá framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni með stuttum fyrirvara og var orðið við þeirri beiðni 30. júní 2009. Þegar flugrekandinn kom athugasemdum sínum á framfæri viðurkenndi hann að nokkur loftför, eins og Yak 42 með skrásetningarmerkið UP-Y4210, séu einnig starfrækt af öðrum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Kasakstan, og af þeim sökum kemur ekki skýrt fram hvaða aðili er ábyrgur fyrir loftþæfi og starfrækslu framangreinds loftfars. Flugrekandinn og lögbær yfirvöld í Kasakstan lögðu auk þess ekki fram sönnun þess efnis að áframhaldandi loftþæfi og viðhald loftfara af tegundinni Boeing B-737-522 og B-757-204, sem eru skráð í Litháen (skrásetningarmerki: LY-AWE, LY-

AWD, LY-FLB og LY-FLG) sé framkvæmt í samræmi við gildandi Evrópureglugerðir.

40) Framkvæmdastjórnin viðurkennir viðleitnina við endurbætur á almenningflugkerfinu í Kasakstan og fyrstu skrefin, sem tekin hafa verið, til að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem Alþjóðaflugmálastofnunin greindi frá. Það er því metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna og meðan beðið er eftir skilvirkri framkvæmd á fullnægjandi aðgerðum til úrbóta til að ráða bót á þeim alvarlegu öryggisvandamálum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, að lögbær yfirvöld í Kasakstan séu, á þessu stigi, ekki fær um að framkvæma og framfylgja viðeigandi öryggisstöðlum hjá öllum flugrekendum sem eru undir lögbundnu eftirliti þeirra. Þar af leiðandi skulu allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Kasakstan, sæta flugrekstrarbanni og því skráðir í viðauka A, að undanskildum flugrekandanum Air Astana.

#### *Flugrekandinn Air Astana*

41) Flugrekandinn Air Astana, sem hefur fengið vottun í Kasakstan, óskaði eftir áheyrn hjá framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni og kom hann athugasemdum sínum á framfæri 30. júní 2009. Í tengslum við þessar athugasemdir kynnti hann röð ítarlegra aðgerða til úrbóta og greiningu á frumorsök sem er sniðin að því að ráða bót á þeim mörgu annmörkum í öryggismálum hjá flugrekandanum sem í ljós komu við skoðun á hlaði samkvæmt SAFA-áætluninni sem var í höndum Þýskalands<sup>(1)</sup>, Hollands<sup>(2)</sup>, Breska konungsríkisins<sup>(3)</sup> svo og annarra ríkja sem eiga aðild að Evrópusambandi flugmálastjórna<sup>(4)</sup>. Að því er varðar öryggisástand flota flugrekandans, eru öll loftförin, sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu, skráð utan Kasakstan (Arúba). Lögbær yfirvöld í Arúba bera ábyrgð á eftirliti með loftförum í flota flugrekandans Air Astana í samræmi við ákvæði 1. og 8. viðauka við Chicago-samninginn svo og 6. viðauka að því er varðar þætti um áframhaldandi loftþæfi.

42) Í ljósi þess sem að framan greinir er ekki talið nauðsynlegt að skrá flugrekandann Air Astana í viðauka A. Að teknu tilliti til niðurstaðna úr nýlegum skoðunum á hlaði<sup>(5)</sup>, sem framkvæmdar voru á flugvöllum í Bandalaginu samkvæmt SAFA-áætluninni, svo og skuldbindingar aðildarríkjanna til að fjölga enn frekar skoðunum á hlaði á loftförum, sem flugrekandinn Air Astana starfrækir til flugs til Bandalagsins, telur framkvæmdastjórnin því við hæfi að hafa sérstakt eftirlit, háð ströngum skilyrðum, með starfrækslu loftfara flugrekandans Air Astana inn í Bandalagið og þar af leiðandi að flugrekstur hans takmarkist eingöngu við núverandi ástand starfrækslunnar og þau loftför sem eru þegar í notkun. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna og samkvæmt þessum skilyrðum skal þessi flugrekandi þar af leiðandi skráður í viðauka B.

<sup>(1)</sup> LBA/D-2008-334, LBA/D-2008-944.

<sup>(2)</sup> CAA-NL-2008-24, CAA-NL-2008-254, CAA-NL-2009-7, CAA-NL-2009-42, CAA-NL-2009-55.

<sup>(3)</sup> CAA-UK-2008-187.

<sup>(4)</sup> DGCATR-2008-85, DGCATR-2008-310, DGCATR-2008-360, DGCATR-2008-381, DGCATR-2008-460, DGCATR-2008-585, DGCATR-2009-39, DGCATR-2009-69, DGCATR-2009-93, DGCATR-2009-105.

<sup>(5)</sup> LBA/D-2009-332.

**Flugrekendur frá Sambíu**

- 43) Í kjölfar tímabundinnar ógildingar á starfrækslu sambíska flugrekandans *Zambian Airways*, sem tilnefndur er fánaberi (flag carrier) Sambíu, í janúar 2009, og þess að Alþjóðaflugmálastofnunin birti áhyggjur sínar af alvarlegum öryggisvandamálum í febrúar 2009 að lokinni úttektarheimsókn í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum, að því er varðar flugrekstur, vottun og eftirlit flugmálafyrvalda í Sambíu, krafðist framkvæmdastjórnin upplýsinga frá þessum yfirvöldum, í apríl 2009, til að sannreyna framkvæmd aðgerða til úrbóta sem eiga að ráða bót á þessum öryggisvandamálum. Áhyggjur af hinum alvarlegu öryggisvandamálum tengjast þeirri staðreynd að á vegum deildar almenningsflugs í Sambíu (DCA) hafa verið gefnar út 21 flugþjónustuheimildir (*Air Service Permits*) til flugrekenda í flutningaflugi þar sem sumar heimildirnar fela í sér leyfi til að stunda millilandaflug. Þessar flugþjónustuheimildir varða frekar efnahagsmál en öryggismál. Handhafar þessara flugþjónustuheimilda starfrækja millilandaflug jafnvel þótt skoðun reksturs og lofthæfis, sem krafist er áður en flugrekandaskirteini er gefið út, hafi ekki farið fram. Í skýrslum um reglubundnar skoðanir, sem framkvæmdar eru á vegum deildar almenningsflugs, eru einnig tilgreindir annmarkar í öryggismálum en engar tillögur um úrbætur.
- 44) Upplýsingarnar, sem yfirvöld í Sambíu létu í té í maí 2009, innihalda ekki nein gögn um þær brýnu aðgerðir til úrbóta sem þarf til að leysa þau alvarlegu öryggisvandamál sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á. Þar er m.a. hvorki að finna neina áætlun eða aðferð fyrir vottun og ekki heldur reglur og reglugerðir sem styðja við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í 6. viðauka *Chicago-samningsins* í tengslum við vottunina. Þar er enn fremur engin sönnun fyrir því að takmarkanir séu á sambísku „flugþjónustuheimildum“ og engin skjöl sem styðja við vottunarferlið sem krafist er samkvæmt 6. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 45) Þau viðbótarskjöl, sem lögbær yfirvöld í Sambíu sendu 1. júní 2009, sýndu ekki fram á að flugrekandaskirteinið (*Z/AOC/001/2009*), sem gefið var út 29. maí 2009 til handa flugrekandanum *Zambezi Airlines*, sem hefur fengið vottun í Sambíu, sé í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og ekki heldur að ráðin hafi verið bót á öryggisvandamálunum. Alþjóðaflugmálastofnunin hefur enn áhyggjur af öryggisvandamálum.
- 46) Í ljósi þessara frávik og með tilliti til hugsanlegrar áhættu, sem þessar aðstæður geta haft í för með sér fyrir rekstraröryggi flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Sambíu og hafa heimild til að stunda millilandaflug, telur framkvæmdastjórnin að á grundvelli sameiginlegru viðmiðananna skuli allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Sambíu, skráðir í viðauka A.
- 47) Flugmálastjórn (DGCA) Indónesíu hefur lagt framkvæmdastjórninni í té sönnun þess efnis að flugrekendurnir *Garuda Indonesia*, *Airfast Indonesia*, *Mandala Airlines* og *Ekspres Transportasi Antarbenua* (rekur fyrirtæki undir nafninu *Premi Air*) hafi fengið nýtt flugrekandaskirteini 10. júní 2009 samkvæmt nýjum, indónesískum reglugerðum um öryggi í almenningsflugi (CASR). Í kjölfar heildarúttektar og málsmeðferðar fyrir endurvottun hafa flugrekendurnir *Garuda* og *Airfast* m.a. fengið nýtt flugrekandaskirteini sem gildir í tvö ár. Flugrekendurnir *Mandala* og *Premi Air* hafa þurft að sæta úttekt sem takmarkast við nýju kröfurnar í nýju reglunum um öryggi í almenningsflugi.
- 48) Sérfræðingahópur *Bandalagsins* tókst á hendur gagnaöflunarverkefni í Indónesíu 15. til 18. júní 2009, að beiðni Flugmálastjórnar Indónesíu, til að sannreyna hvort eftirlitsstarfsemin sé sem stendur sinnt að öllu leyti og hvort kerfið fyrir eftirlitsstarfseminna hafi verið uppfært til að gera kleift að hafa nógu góða eftirfylgni með frávikum sem Flugmálastjórnin vakti máls á varðandi indónesíska flugrekendur. Innan þessa ramma hafa tveir flugrekendur (*Mandala Airlines* og *Premi Air*) einnig verið heimsóttir til að sannprófa getu Flugmálastjórnar Indónesíu til að tryggja að öryggiseftirlitið samrýmist viðeigandi stöðlum (nýju reglunum um öryggi í almenningsflugi).
- 49) Heimsóknin sýndi að núverandi skilvirkni Flugmálastjórnarinnar við eftirlit með flugrekendum fjórum, sem um getur hér að framan, ásamt endurvottun þeirra tryggir að farið sé að nýju kröfunum og telst því fullnægjandi. Eftirlitskerfið hefur verið eftt til að gera kleift að hafa nógu góða eftirfylgni með frávikum sem Flugmálastjórnin vakti máls á varðandi indónesíska flugrekendur. Flugmálastjórnin hefur þróað kerfi til að halda með skilvirkum hætti utan um upplýsingarnar frá eftirlitsstarfseminni og þar með til að fylgjast með því hvaða dag leiða á frávikin til lykta og hvaða dag þau verða síðan í raun leidd til lykta og öllum frestum sem Flugmálastjórnin veitir.
- 50) Auk þess var sá úrskurður um frávik frá 6. viðauka við *Chicago-samninginn*, sem Flugmálastjórnin tilkynnti Alþjóðaflugmálastofnuninni 20. febrúar 2009 og hefðu getað haft alvarleg áhrif á rekstraröryggi indónesískra flugrekenda, dreginn til baka 25. mars 2009. Að lokinni tæknilegri endurskoðun af hálfu Flugmálastjórnarinnar var ný tilkynning með úrskurði um minni háttar frávik send til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar 28. maí 2009. Frá 30. nóvember 2009 verða indónesískir flugrekendur að framfylgja stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Samt sem áður hafa flugrekendurnir *Garuda*, *Mandala*, *Premi Air* og *Airfast* framfylgt hinum nýlega samþykktu stöðlum frá 10. júní 2009 — deginum sem nýja flugrekandaskirteinið þeirra var gefið út.
- 51) Flugmálastjórnin óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 30. júní 2009. Flugmálastjórnin tilkynnti framkvæmdastjórninni að loftfarið af tegundinni *Embraer EMB-120* með skrásetningarmarkið *PK-RJC*, sem *Premi Air* starfrækir, sé á þessari stundu ekki búið umferðar- og árekstrarvara (TCAS), eins og krafist er samkvæmt nýju reglunum um öryggi í almenningsflugi, og að uppsetningu hans skuli vera lokið eigi síðar en 30. nóvember 2009. Þessar upplýsingar koma skýrt fram á flugrekandaskirteini flugrekandans eins og fram kemur í skýrslu ESB-teymisins.

**Flugrekendur frá Lýðveldinu Indónesíu**

- 47) Flugmálastjórn (DGCA) Indónesíu hefur lagt framkvæmdastjórninni í té sönnun þess efnis að flugrekendurnir *Garuda Indonesia*, *Airfast Indonesia*, *Mandala Airlines* og *Ekspres Transportasi Antarbenua*

- 52) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að samkvæmt núverandi skilvirkni eftirlits af hálfu Flugmálastjórnarinnar sé unnt að gera ráð fyrir að fjórir flugrekendur, sem hafa þurft að fara í gegnum ferli fyrir endurvottun, framfylgi og virði viðeigandi öryggisstaðla með fullnægjandi hætti: Garuda Indonesia, Airfast Indonesia, Mandala Airlines og Ekspres Transportasi Antarbenua (rekur fyrirtæki undir nafninu Premiair). Þar af leiðandi skulu þessir fjórir flugrekendur felldir brott úr viðauka A. Allir aðrir indónesískir flugrekendur skulu áfram vera skráðir í viðauka A á þessu stigi. Framkvæmdastjórnin mun starfa náið með lögbærum yfirvöldum í Indónesíu í kjölfar endurvottunar annarra indónesískra flugrekenda.
- 53) Lögbær yfirvöld í Indónesíu hafa einnig látið framkvæmdastjórninni í té uppfærða skrá yfir flugrekendur sem hafa flugrekandaskírteini. Eins og sakir standa eru flugrekendur, auk hinna fjögurra framangreindra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, þessir: Merpati Nusantara, Kartika Airlines, Trigana Air Service, Metro Batavia, Pelita Air Service, Indonesia Air Asia, Lion Mentari Airlines, Wing Adabi Airlines, Cardig Air, Riau Airlines, Transwisata Prima Aviation, Tri MG Intra Asia Airlines, Manunggal Air Service, Megantara, Indonesia Air Transport, Sriwijaya Air, Travel Express Aviation Service, Republic Express Airlines, KAL Star, Sayap Garuda Indah, Survei Udara Penas, Nusantara Air Charter, Nusantara Buana Air, Nyaman Air, Travira Utama, Derazona Air Service, National Utility Helicopter, Deraya Air Taxi, Dirgantara Air Service, SMAC, Kura- Kura Aviation, Gatari Air Service, Intan Angkasa Air Service, Air Pacific Utama, Asco Nusa Air, Pura Wisata Baruna, Penerbangan Angkasa Semesta, ASI Pudjiastuti, Aviastar Mandiri, Dabi Air Nusantara, Sampoerna Air Nusantara, Mimika Air, Alfa Trans Dirgantara, Unindo, Sky Aviation, Johnlin Air Transport og Eastindo. Uppfæra skal skrá Bandalagsins til samræmis við þetta og þessir flugrekendur skulu skráðir í viðauka A.

#### Flugrekendur frá Lýðveldinu Angóla

##### *Flugrekandinn TAAG Angola Airlines*

- 54) Lögbær yfirvöld (Flugmálastjórn Angóla (INAVIC)) hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að flugrekandinn TAAG Angola Airlines hafi fengið nýtt flugrekandaskírteini, 28. maí 2009, í samræmi við angólskar flugöryggisreglur (AASR), eftir að hafa farið í gegnum allt endurvottunarferlið.
- 55) Að beiðni lögbærra yfirvalda í Angóla (INAVIC) svo og að beiðni flugrekandans TAAG Angola Airlines heimsótti evrópskur sérfræðingahópur Angóla frá 8. – 11. júní 2009 til að kanna aðstæður. Heimsóknin staðfesti að verulegar framfarir hafi orðið í þá veru að farið sé að stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Flugmálastjórn Angóla réði bót á 66% þeirra frávíka sem í ljós komu í fyrri heimsókn ESB-teymisins í febrúar 2008 og flugrekandinn TAAG réði bót á 75% frávíkanna. Angóla hefur samþykkt nýjar flugöryggisreglur í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og flugrekandinn TAAG, sem er tilnefndur fánaberi Angóla, fékk endurvottun í samræmi við nýja lagarammann.
- 56) Flugrekandinn TAAG óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni, 1. júlí 2009, með aðstoð Flugmálastjórnarinnar. Flugrekandinn tilkynnti einnig nefndinni að hann hefði staðist IOSA-úttekt í maí 2009 þar sem takmarkaður fjöldi frávíka kom í ljós og að ráðin hafi verið bót á þeim öllum fyrir 29. júní 2009.
- 57) Flugrekandinn lét flugöryggisnefndinni í té sannfærandi sönnunargögn þess efnis að gripið hefði verið til frekari aðgerða eftir heimsóknina og að vel hefði gengið að ráða bót á þeim frávíkum sem ekki höfðu verið til lykta leidd og sýndi fram á umfangsmiklar ráðstafanir þar sem fram kemur að yfir 90% af frávíkunum sé þegar lokið og að unnið væri að lausn eftirstandandi frávíka. Flugrekandinn gat þó ekki sýnt fram á að flug loftfara af tegundunum B-747 og B-737-200 væri undir eftirliti með flugritagögnunum, eins og krafist er.
- 58) Portúgölsk yfirvöld tilkynntu flugöryggisnefndinni að þau samþykktu að veita lögbærum yfirvöldum í Angóla aðstoð til að auka öryggiseftirlit með flugrekandanum TAAG í því skyni að gera þessum flugrekanda kleift að fljúga til Portúgal. Flugöryggisnefndinni var einkum tilkynnt að flug tiltekinn loftfara yrði samþykkt að lokinni fyrirflugsskoðun í Angóla og skoðun á hlaði við komu til Portúgal. Lögbær yfirvöld í Angóla staðfestu að þau samþykkja fyrirflugsskoðun á hlaði í Lúanda á öllum loftförum sem flugrekandinn TAAG starfrækir til Lissabon með aðstoð portúgalskra yfirvalda. Lögbær yfirvöld í Portúgal munu annast skoðanir á hlaði samkvæmt SAFA-áætluninni á hverju flugi sem flugrekandinn TAAG starfrækir.
